

HVÍTANES ehf
Síðumúla 1 (hjá RT ehf)
108 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. 2.2003

Tölvupóstur: nefndasvid@althingi.is

**Mál: Varnir gegn mengun sjávar, lagafrumvarp, 53. mál,
128. löggjafarþing 2002-2003.**

Niðurstöður umsagnar í stuttu máli

Framkomið lagafrumvarp leitast við að leysa brýnan vanda vegna óreiðuskipa enda er ekki talin vera til önnur úrræði en að sökkva þeim. Í umsögn þessari er hins vegar bent á leiðir til lausnar vananum sem stafar af þessum óreiðuskipum í höfnum landsins. Hvítanes ehf vill taka þátt í varðveislu skipa og nýtingu þeirra á nýstárlegan og umhverfisvænan hátt, sem ekki hefur tíðkast til þessa. Forsendur frumvarpsins eru ekki lengur alveg réttar og því er lagt til að málinu verði frestað.

UMSÖGN

Umfang vandans

Í upphafi greinargerðar með lagafrumvarpinu segir svo:
Mikill vandi steðjar nú að í höfnum landsins. Úrelt skip og úr sér gengin liggja þar í stórum stíl, taka pláss í höfnunum, valda eigendum skipanna og höfnunum fjárhagstjóni og geta jafnvel verið hættuleg. Engin úrræði hafa fundist til þess að farga þessum skipum samkvæmt heimildum í gildandi lögum.

Í þessari umsögn bendir Hvítanes ehf á leið til þess að leysa þennan vanda en fjöldi þessara skipa og báta var um 160 þegar síðast var talið.

Aðkoma Hvítaness ehf að máli þessu

Um þessar mundir er unnið að samningu deiliskipulags fyrir jörðina Hvítanes í Kjósarhreppi á vegum fyrirtækisins Hvítanes ehf. Jörð þessi var tekin á leigu undir herstöð af hermálaráðherra hans hátignar Bretakonungs árið 1941 og herstöðinni var skilað til Sölunefndar setuliðseigna samkvæmt lögum nr. 26/1944. Hafskipabryggja var gefin íslenska ríkinu (Víta- og hafnamálastjórn). Jörðina sjálfa átti þá Jón Björnsson, kaupmaður í Reykjavík.

Þrátt fyrir lagaákvæði hefur íslenska ríkið ekki ennþá séð um þá landlög sem fram átti að fara og bryggjan er ónýtt og hrunin að hluta. Hvítanes ehf hefur ákveðið að krefjast í bréfi til Fjármálaráðuneytisins að landlögum fari fram eða greitt verði fyrir hana. Fyrirhuguð landlög leiðir til þess að rífa þarf upp megnið af nesinu á Hvítanesi og þá er í framhaldi hægt að koma að nýjum hugmyndum og beita nýstárlegri nýrri tækni við frístundabygð.

Ein hugmynd er sú að nýta sérstaklega legu landsins að sjó. Bátahöfn, naustir og alls kyns afþreying sem tengist sjó á heima á þessum stað. Það er t.d. ástæðulaust að fela bústaðina í landslaginu eins og sums staðar er vani. Annað sérkenni er það að mjög aðdjúpt er að nesinu svo að jafnvel stór skip geta komið þar að landi.

Hugmyndir að lausn vandans

Aðstandendur Hvítaness ehf þekkja vel til í Hollandi, svo dæmi sé tekið, þar sem fjöldi fólks býr í skipum á ám og síkjum. Sama gildir víðar, jafnvel á Thamesá inni í miðri London. Þar sem óreiðuskipavandinn á Íslandi er tengdur skipum sem mörg hver eru ekki haffær er auðvitað eðlileg hugmynd að nýta þá slík skip sem bústaði á landi í umhverfi sem er sérstaklega skipulagt í þessum tilgangi.

Skip og bátar sem eru í þokkalegu ástandi eru tekin á land, skorðuð og fá tengingu við landkerfi svo sem rafmagn, vatn, hita og frárennsli.

Á nýlegum aðalfundi Hvítaness ehf var stjórn félagsins falið að halda áfram með deiliskipulag fyrir jörðina og að kanna sérstaklega hvort þess sé kostur að sérhæfa bústaðina við skip, sem tekin eru á land. Þetta er umhverfissvæn aðgerð og er ekki þekkt annars staðar frá. Með góðri hönnun og réttri kynningar- og sölustarfsemi gæti þetta orðið vinsælt sumardvarlasvæði enda í aðeins 50 km fjarlægð eða um 45 mínútna akstri frá Reykjavík.

Á landi má tæknilega séð nýta skip á margvíslegan hátt öðruvísi en á sjó. Lestina má innrétta eða nýta í ýmsum tilgangi. Vél og kjölfestu má fjarlægja til þess að fá aukið rými. Inngang má jafnvel setja á skipssíðuna, tjalda yfir dekkið og brúin er tilvalin til útsýnis yfir sólríkan Hvalfjörðinn.

Skipulagi bátabyggða mætti haga þannig, að skip af svipaðri stærð og gerð væru saman til þess að fá nokkra samræmingu. Þannig væru t.d. skip sem eru nálægt 15m, 20m, 25m flokkuð saman.

Skipulagsvinna af þessu tagi er í skoðun.

Skipabær í uppbyggingu, samstarfsaðilar

Stjórn Hvítaness ehf býður Umhverfisnefnd Alþingis samstarf um að kanna hvort þessi lausn á vandamáli óreiðuskipa sé fýsileg en landsvæðið á Hvítanesi rúmar um 50 skip og báta.

Þá er nokkur vandi eftir. Það að farga restinni er skylt verkefni og spurning hvort það geti verið hagkvæm lausn að nýta tímabundið þá aðstöðu, sem koma þarf upp á Hvítanesi til þess að skera niður stálskip og rífa tréskip meðan á uppbyggingu svæðisins stendur.

Uppbygginguna er eðlilegt að framkvæma í samvinnu við aðra aðila, sem þekkingu hafa á verkefninu.

Það kann að vera að þetta verkefni taki nokkurn tíma en verði það samþykkt má fljótleg taka við minni bátum, setja þá á land og verja þá (frekari) skemmdum.

Fjárhagshlið málsins

Öllu þessu verkefni fylgir að sjálfsögðu nokkur kostnaður og fjárhagshliðin þarfnast vandlegrar athugunar.

Formlegir eigendur skipanna og bátanna eru af ýmsu tagi, efnalega séð. Málið er einnig orðinn baggi á ýmsum höfnum, sem gætu viljað greiða nokkurt fé til þess að losna við vandann. Þá er þetta einnig þjóðfélagslegur vandi frá umhverfissjónarmiði, sem ríkið þarf að glíma við.

Það er eðlilegt að þessir aðilar að komi að því að fjármagna verkefnið.

Jafnvel það að sökkva skipum er ekki án kostnaðar svo sem að hreinsa úr þeim olíur og spilliefni auk þess að draga þau á þann stað sem þeim skal sökkt.

Eigendur verkefnalausra skipa, hvort sem þau eru á söluskrá eða ekki, eru e.t.v. ekki fúsir að viðurkenna að þau séu verðlaus. Einn möguleiki í málinu er sá að þessir eigendur taki þátt í verkefninu og eigi sín skip á landi Hvítaness.


Það er að fylgir að sjálfsögðu nokkur kostnaður því að koma upp þeirri almennu þjónustu sem skipabær af þessu tagi útheimtir. Lóðir þarf að lagfæra, koma bát eða skipi fyrir, leggja rafmagn, vatnsveitu og hugsanlega hitaveitu auk frárennismálanna. Ætla verður að í upphafi verði tekið stofngjald eða sölugjald og síðan verði goldin leiga til þess að standa undir rekstri.

Lokaorð

Aðstandendur Hvítaness ehf vilja benda á að til er umhverfisvæn leið með hóflegum kostnaði til þess að leysa vanda óreiðiskipanna eins og að framan er rakið. Verði gengið hnanalegs fram í sökkvunarmáli því sem frumvarpið vill leyfa glatast merkilegt tækifæri til umhverfisvænna aðgerða.

Forsendur frumvarpsins eru ekki lengur alveg réttar. Lagt er til að samþykkt á frumvarpinu verði frestað.

Virðingarfyllt,
fyrir Hvítanes ehf




Björn Kristinsson

Fylgiskjöl:

1. Frumdrög að uppdrætti fyrir deiliskipulag
 2. "Lífið á nesinu"
 3. Ljósrit af grein í Morgunblaðinu 28. janúar s.l.
- Þessi blaðgrein lýsir einni af hugmyndunum um uppbyggingu sjálfs nesses að Hvítanesi.

Björn Kristinsson
Hjarðarhaga 29
107 Reykjavík

Símar: 898 1932 og 562 0253
Tölvupóstur: bjornkr@hi.is
Fax: 568 7556



stangveiti

grafin skipa hafi

brattjarn víðar kenlar

slóskóip

athafnasvæði

slipi

krumi

slipi flápi

bruggjan endurnýtt

bata ktrandi hófn

bútt

skipaskáli

hlaðslati

flakar

baugur

brúttka

bojarhus

hóla nes

fél bóltu völlu

tunn

leiksvæði

naust

sandjarn sandbátar

steingarðar

með

grönn

undi

79m

hestlús

gönguslópar

steingarðar

ulfi vegurinn

11/2 10/3

north

100

200

300

400

500

600m

